

Pési



Lesið þetta

- Nýtt ár-nýir tímar
- Fréttir frá skrifstofu
- Auglýsingar
- Smárafréttir
- Hrunaspjall

Næsti Pési kemur út 13. febr. Skil á efni er 10.febr

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
SS fréttir	8
Dans	12
Þorablót	19
Kvenfélagið	20

Jan 2009 Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

19. árgangur. 223. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Gísli brúarsmiður á Laugum

Margur hagleikismaðurinn er hér í hreppnum. Einn þeirra er Gísli Einarsson á Laugum. Hann er nú að ljúka við smíði brúar, sem er nákvæm eftirlíking af brú sem var yfir Þverá í Borgarfirði og vígð var 1899. Brúin er um 35 metra löng hengibrú en gamla brúin var frá sama fyrirtæki og Ölfusárbrúin sem gaf sig forðum daga. Gamla brúin yfir Þverá var mikið notuð þegar aðalsamgönguæðin lá um Arnarvatnsheiði og minnst Hreinn á Þórarinsstöðum, nágranni Gísla, þess að hafa ekið yfir gömlu brúna á leið í Þverárrétt hér áður fyrr.





Frá vígslu iðnaðarhúsnæðis Úlfars Harðarsonar við Iðjulslóð

Ljós: SigSigm



Stefanía og Lárus á Reykjaflöt

Ljós: SigSigm

Nýtt ár – nýir tímar

Áramót eru tímamót uppgjör þar sem horft er fram á veginn, reynt að gera sér grein fyrir því hvað nýtt ár beri í skauti sér um leið og horft er til baka og reynt að meta hvað áunnist hefur, hvað vel hefur farið og hvað hefði betur mátt fara. Á undanförunum árum hefur verið uppgangur hér í samfélaginu. Miklar breytingar hafa átt sér stað í búháttum, sérstaklega á kúabúunum og þær breytingar standa í rauninni enn yfir. Gjarnan hafa stjórnámálamenn barið sér á brjóst og talað um stöðugleika í efnahagslífinu. Stöðugleikinn var e.t.v. hvatinn af framkvæmdum og ýmsum breytingum sem átt hafa sér stað hér á landi. Ekki má gleyma að margar þeirra hafa verið til góðs eða verða til góðs þegar fram líða stundir. – Annað hefur leitt til efnahagsshrups sem fáeinir einstaklingar bera ábyrgð á, ásamt því að ekki voru settar leikreglur til þess að tryggja að almenningur bæri ekki ábyrgð á fjöldjörfum fjárfestingum og lána- og fyrirgreiðslu bankanna, sem vel á minnst voru einkafyrirtæki. Lána- og fyrirgreiðsla fólst m.a. í að bjóða fólki erlend lán sem lengi voru mun hagstæðari en lán sem tekin voru í íslenskum krónum. Hrun efnahagslífsins kom okkur flestum í opna skjöldu og bitnar á landi og lýð af fullum þunga.

Sveitarfélagið okkar fer ekki varhluta af hruninu fremur en önnur sveitarfélög landsins. Á undanförunum árum höfum við verið að bæta rekstur sveitarfélagsins. Um þær aðgerðir hefur ríkt samstaða innan sveitarstjórnar eins og reyndar um flest mál. Það ber að þakka þá samstöðu því mikil orka fer oft forgörðum í sveitarfélögum þar sem hver höndin er uppá móti annarri. Þessi rekstrarbati hefur gerst hægt en sígandi. Hins vegar hefur efnahagshrunið og gengisfall íslensku krónunnar mikil áhrif á rekstrarafkomu sveitarfélagsins m.a. vegna þess að við erum með tvö erlend lán sem hafa hækkað í takt við hrun krónunnar en fram að þeim tíma voru þau hagstæð sveitarsjóði. Á síðustu misserum höfum við verið að setja saman fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem er reyndar ívið seinna en síðustu ár ástæðan er fyrst og fremst sú óvissa sem ríkt hefur í efnahagsmálum. Sveitarstjórn kappkostar að hækka sem allra minnst gjaldskrár sveitarfélagsins. Hins vegar hækka þær í takt við vísitölu en vísitöluhækkarnir eru talsverðar um þessar mundir. Kappkostað er að halda í allan rekstrarkostnað. Varðandi yfirstjórn sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að greiðslur fyrir nefndarstörf standi í stað og laun sveitarstjóra lækka auk þess sem laun hans eru einnig miðuð við launavísitölu sem efalítið lækkar á árinu. Aðrir starfsmenn lækka ekki í launum en reynt verður halda niðri kostnaði og yfirvinnu eftir föngum. Erfitt er að segja til um helstu framkvæmdir – nema að nauðsynlegt er að koma niður hreinsstöð á árinu sem keypt var á síðasta ári. Þá verða framkvæmdir við átaksveitu og áfram verður unnið að hugsanlegri nýtingu á nýju borholunni við Kópsvatn I.

Ísólfur Gylfi Pálmson, sveitarstjóri.

Afsláttur ellilífeyris- og örorkuþega

Um margra ára skeið hafa ellilífeyrisþegar og öryrkjar fengið afslátt af fasteignasköttum eftir ákveðnum reglum hér í sveitarfélaginu. Mjög mismunandi reglur hafa gilt um afslætti af þessum toga í sveitarfélögum og sum veita ekki neina afslætti. Á síðustu árum hefur afslátturinn numið 50% af fasteignaskatti. Allir þeir sem uppfyllt höfðu ákveðin skilyrði fengu afsláttinn óháð tekjum. Nú hefur Samgönguráðuneytið gert athugasemd við þessa aðferðafræði en t.d. var farið eftir svipuðum reglum í Garðabæ og fleiri sveitarfélögum. Samkvæmt úrskurði Samgönguráðuneytisins verða þeir aðilar sem náð hafa 67 ára aldri að sækja sérstaklega um að fá afsláttinn um leið og nauðsynlegt verður að skila inn staðfestu skattframtali þar sem tekjur viðkomandi koma fram. Við vildum gjarnan komast hjá þessari skriffinnsku en verðum í þessum efnum sem og öðrum að fara eftir þeim reglum sem hið háa ráðuneyti setur okkur hvort sem okkur líkar betur eða ver. Nákvæmari útfærslur þessara afsláttá verða kynntar bráðlega. Athugasemd ráðuneytisins var gerð vegna álagningar í Garðabæ og nær í framhaldinu til alls landsins.

Opnun sýningar Sigga Sigmunds „Sveitasýn“.

Á sunnudaginn kemur þann 18. janúar opnar mjög merkileg ljósmyndasýning Sigurðar Sigmundssonar frá Syðra-Langholti, í Skálholti. Sýningin er opin milli 14-17.00 og verður opin fram á vor. Ljósmyndir Sigurðar eru úr uppsveitum Árnassýslu og eru 45 ár frá því þær elstu voru teknar. Um 40 myndir eru hengdar uppá vegg, öðrum er kastað uppá vegg með þar til gerðri tækni og einnig er um að ræða skyggjur. Sigurður hefur verið ötull fréttaritari Morgunblaðsins í 37 ár og hefur hann birt fjölmargar fréttir héðan úr uppsveitum Árnassýslu. Einnig starfaði Sigurður hjá Eiðafaxa í 18 ár. Við óskum Sigurði til hamingju með sýninguna um leið og honum eru færðar þakkir fyrir merkilegt starf við að varðveita ómetanlegar minningar og heimildir úr hinu daglega lífi í Árnassýslu.

Öflugt ungt fólk

Á dögnum kom á fund sveitarstjóra ungt fólk úr Flúðaskóla sem hafði uppi frjóar og vel útfærðar hugmyndir um félagsmiðstöð í skólanum. Með þeim í för var Jón Hjalti Sigurðsson sem hefur staðið sig með mikilli þrýði í æskulýðsstarfi í skólanum. Hugmyndir nemenda er um samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps í þessu efnum. Á næsta leyti er að útfæra þessar hugmyndir. Ánægjulegt er þegar æskufólk sem hefur brennandi áhuga á málum sem þessum, útfærir og kynnir hugmyndir sínar. Þetta er fólkið sem erfir landið og verður áður en við er lítið orðið sveitarstjórnarfólk í samfélögum sínum.

Gjaldtaka vegna sorphreinsunar og sorpeyðingar.

Á hverju ári kemur eðlilega upp umræða um þjónustu sveitarfélagsins og kostnað þar að lútandi. Þetta á m.a. við um sorphreinsunina og fjölmarga aðra þjónustu. Sérstaklega velta menn fyrir sér svokölluðu aukasorpgjaldi sem innheimt er vegna búreksturs hverskonar, iðnaðar, ferðaþjónustu og annarrar starfsemi. Álagningin er í ákveðnum flokkum frá kr. 22.900 sem er lægsti flokkurinn en hæsti flokkur er kr. 306.000. Einu sinni á ári fer sveitarstjóri, skrifstofustjóri og verktaki yfir hvernig innheimta beri fyrir þessa þjónustu. Í sumum sveitarfélögum semja atvinnurekendur beint við verktaka en það hefur ekki gengið eftir hjá okkur. Vissulega er erfitt að meta þessa álagningu en víst er að sveitarsjóður greiðir með þessari starfsemi þó að samningur verktaka við sveitarfélagið sé sanngjarn af beggja hálfu. Líklegt er að miklar breytingar verði hjá Sorpstöð Suðurlands í lok þessa árs þegar hætt verður að urða sorp í Ölfusinu. Við þurfum að finna leiðir til þess að draga úr sorpmagni og einnig leiðir til þess að umbuna þeim sem það gera. Gott væri að fá ábendingar og tillögur í þessum efnum.

Safn á Sólheimum

Þau sýsla við fleira en hefðbundin búskap sæmdarhjónin á Sólheimum þau Esther og Jóhann. Eftir að þau tóku nýja fjósið sitt í notkun, nýta þau gamla fjósið undir ýmiskonar gamla muni sem þau varðveita og gaman er að skoða. Þar kennir margra grasa. Einnig eru fjölmargir merkilegir bílar og tæki sem þau varðveita. Á síðasta ári tóku þau þátt í „opnum landbúnaði“ þar sem einstaklingar og hópar gátu komið og skoðað hvernig búreksturinn er á Sólheimum. Gamla fjósið er kærkomin viðbót við þá flóru.

Minnisvarði um Halldór Gestsson!

Í bílskúrnum á Ljónastíg 2 á Flúðum vaknaði sú hugmynd að reisa minnisvarða um Halldór Gestsson sem lengi var húsvörður í Flúðaskóla en hann lést s.l. vor. Elín Gísladóttir óskar eftir því að þeir sem tilbúnir eru til þess að vinna að framkvæmd þessarar hugmyndar hafi samband við hana sem fyrst í síma 866-5855 en netfang hennar er ellagisla@simnet.is. Hugmyndin er að fjármagna minnisvarðann með frjálsum framlögum.

Til hamingju Agnes!

Verslunarstjórinn okkar í STRAX hún Agnes Böðvarsdóttir hélt upp á afmæli sitt um helgina með pompi og prakt. Agnes er eins og karlarnir í kaffihorninu hjá henni hafa oft haft á orði: „að hún sé ekki deginum eldri en hún líti út fyrir að vera“ sem þýðir náttúrulega á mannamáli, eins og svo gjarnan er sagt núna, að hún sé eins og stelpa. Þéssinn og karlarnir í kaffihorninu óska Agnesi hjartanlega til hamingju með afmælið, það gera viðskiptavinir STRAX einnig.

Tapaðir skór.

Blágráir útiskór nr. 38(strákaskór) töpuðust á litlu jólunum í skólanum. Finnast hvergi í skólanum né í félagsheimilinu, svo að ég var að velta því fyrir mér hvort að þeir hefðu óvart farið heim með einhverjum .

Vinsamlegast hafið samband ef þið skylduð rekast á þá í síma 4866648 eða 8960430, Arnfríður.

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps

Úthlutun úr Freyjusjóði

Kvenfélagi Hrunamannahrepps er það mikið ánægjuefni að geta stutt við bakið á ungum konum sem á einhvern hátt sýna framfarir, hjálpsemi, fórnfýsi, uppbyggjandi starf fyrir samfélagið og/eða ágætan árangur á einhverju sviði. Með stofnun **Freyjusjóðs** er okkur kleift að styðja ungar konur úr samfélaginu og þannig hvetja þær áfram til dáða og góðra verka.

Önnur úthlutun sjóðsins hefur nú farið fram en umsóknarfrestur rann út 15. desember síðastliðinn. Nokkrar umsóknir bárust og sjóðsstjórn nokkur vandi á höndum. Úr varð að veita krónum 100. 000.- úr sjóðnum og deila þeirri upphæð jafnt á milli tveggja umsækjenda en það eru Elma Jóhannsdóttir og Erna Elínbjörg Skúladóttir.

Erna Elínbjörg er frá Birtingaholti og er 25 ára. Hún stundar nám í mótun við Myndlistarskólann í Reykjavík þar sem hún lærir hönnun í gegnum leir og önnur tengd efni. Veturinn 2009-2010 lýkur hún B.A. gráðu frá University of Cumbria í Englandi. Erna hefur vakið athygli fyrir hönnun sína og var önnur tveggja valin af Myndlistarskólanum til sérverkefna á vegum European Glass Context. **Freyjusjóði** er heiður að fá að taka þátt í framtíð þessarar efnilegu ungu konu og óskum við henni velfarnaðar á sínum vettvangi.

Elma er 16 ára og er frá Flúðum og stundar nám við Menntaskólann að Laugarvatni. Elma er framúrskarandi íþróttakona og hefur vakið athygli fyrir þátttöku sína í öllum þeim íþróttagreinum sem hún hefur tekið þátt í. Árið 2007 var hún fyrst valin í landslið Íslands í körfuknattleik f. 16 ára og yngri og fór með liðinu til Svíþjóðar. Síðastliðið sumar var hún í tvígang valin í landsliðið og fór hún á Norðurlandamót unglunga í Solna í Svíþjóð og Evrópukeppni unglungalandsliða í Mónakó. Hún þykir sýna lipurð, einurð og faglegt kapp í íþrótt sinni og er jafnframt frábær fyrirmynd annarra ungmenna hér á svæðinu. Hún hefur tekið virkan þátt í þjálfun hjá bæði körfuknattleiksdeild og fimleikadeild UMFH.

Freyjusjóður vill með þessari styrkveitingu sýna Elmu heiður og hvatningu og um leið hvetja öll ungmenni til að taka hana sér til fyrirmyndar.

Það er Kvenfélaginu heiður og ánægja að geta lagt sitt af mörkum til að þessar ungu konur geti stundað nám og íþróttir af eljusemi og áhuga og þar með náð góðum árangri á sínum vettvangi. Afhending styrksins fer fram 30. janúar nk.

Næsta úthlutun sjóðsins fer fram í janúar 2010 og hvetjum við ungar konur á aldrinum 16-25 ára til að senda inn umsóknir fyrir 15. desember 2009. Nánar auglýst þegar þar að kemur en einnig eru nánari upplýsingar um **Freyjusjóð** inni á heimasíðu sveitarfélagsins; www.fludir.is.

Fyrir hönd Kvenfélag Hrunamannahrepps.

Stjórn Freyjusjóðs.

Anna Kr. Ásmundsdóttir

Björg Björnsdóttir

Helena Eiríksdóttir.

Framundan hjá Kvenfélagi Hrunamannahrepps:

- Baðstofukvöld SSK – sjá auglýsingu annarsstaðar.
- Þorrablot 31. janúar 2009. – TAKA DAGINN FRÁ!
- Náms- og starfsráðgjöf – nánar auglýst síðar.

Með vinsemd og virðingu

Kvenfélag Hrunamannahrepps

Kvenfélagið minnir á að það styrkir félagskonur á námskeið á vegum Fræðslunets Suðurlands

S.S. Fréttir

Hinn árlegi deildarstjórafundur var haldinn á Hvolsvelli 12. des. sl. Margt af því sem kom fram í erindi Steinþórs á þeim fundi birtist í fréttabréfi S.S., sem kom út um svipað leiti.

Áburðarmálin eru enn í lausu lofti, og veldur mikill gengismunur mestu þar um. Aftur á móti er hækkunin, sem varð sl. sumar smám saman að ganga til baka. Það mun skýrast í byrjun febrúar, hvernig þessu lyktar, en allavega verður fluttur inn nægur Yara áburður, Tenospin rúlluplast er til að hluta nú þegar og mun verð á því birtast á heimasíðu S.S. á næstu dögum. Hægt hefur á afsetningu nautgripa í bili, en þess vænst að þetta færist nær jafnvægi er líður á vetur. Það var samdóma álit bænda á fundinum, að þrauka frekar, heldur en lækka verðið.

Ef eitthvað er óljóst í viðskiptum við félagið, þá endilega að hafa samband. Að endingu þakka ég ykkur, bændur góðir, fyrir samstarfið á liðnu ári og óska þess að með þrautseigju og dugnaði, takist okkur að höndla komandi tíma.

Kveðja, Jóhanna Hrafnkelsstöðum

Vinnufólk til reiðu

4. bekkur Menntaskólans að Laugarvatni er í fjáröflun og tekur að sér stór sem lítil verk.

Um er að ræða 25 manna hóp sem getur mætt um helgar eða síðdegis virka daga.

Sími: 8682991 / 8677473

E-mail: Helgitho@ml.is / birgirgu@ml.is

Tapað hross.

Við í Steinsholti höfum tapað meri úr högunum hjá okkur og þrátt fyrir talsverða leit og eftirgrennslan höfum við ekki fundið hana ennþá hvorki lífs eða liðna. Hryssan er ættuð úr Hrunamanahreppi og gæti því hugsanlega flækst þangað. Hún er rauð glófext frekar smá og þótt ótrúlegt sé miðað við upprunan ekki neitt glæsihross. Ef þið hafið einhverjar vísbendingar þá vinsamlegast hafið samband við Gunnar eða Kari í síma 4866069 eða 8638270.

Tilkynning til eldri borgara!

Fimmtudaginn 5. febr. n.k. er ykkur boðið til samverustundar að Skálholti frá kl. 14.00 til 16.00. Tílefnið er ljósmynda-sýning Sigurðar Sigmundssonar frá Syðra-Langholti. Vonandi getum við sem allra flest þegið þetta góða boð.

Nú er félagsstarf að komast í fullan gang á ný eftir jólafrí. Við viljum minna á samveruna í kjallaranum að Heimalandi á þriðju-dögum og opna húsið, sem að öllu jöfnu er annan fimmtudag í mánuði.

Kæru félagar og sveitungar. Megi Guð gefa okkur öllum velgengni og gleði á nýju ári.

Stjórnin.

Hótel Örk

býður eldri borgurum af suðurlandi og norðausturlandi til dvalar á sparidagaviku 14—20 febrúar n.k.

Um er að ræða fimm sólarhringa dvöl á hótelinu. Boðið er uppá morgunverð, þríréttaðan kvöldverð og dagskrá alla dagana, frá morgni til miðnættis undir stjórn Gunnars Þorlákssonar.

Nánari upplýsingar og pöntun á þátttöku hjá Eiríki, í síðasta lagi fyrir 1. febrúar n.k. í síma: 486-6545 - 861-0272

Jóga

Fimmtudaginn 22. janúar hefst 10 tíma jóganámskeið á Flúðum.

Ég hef ákveðið að prófa að hafa tímana síðdegis.

Kennt verður kl. 17:00 í “Gamla Leikskólanum”, húsnæðinu, sem skólaseilið er í, í dag.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Öllu
í s: 486 6777 og 898 0677

Okkar góðu vinir!!

Við óskum ykkur gleðilegs og farsæls árs og þökkum allar góðu stundirnar, og kaffisopana í “horninu” og einnig í Heimalandi,

Söknum ykkar mikið og vonandi sjáumst við sem fyrst.

Með hjartans kveðju

Ásta og Kjartan

Smárafréttir



Ágætu félagar, Gleðilegt ár og takk fyrir samstarfið á liðnu ári.

Nú líður að því að hægt verði að fara nota reiðhöllina, vonandi í byrjun febr ef allt gengur eins vel og það hefur gert fram að þessu. Það hefur verið unnið frábært starf við byggingu hússins, það er eftir þessu tekið á mörgum stöðum hvernig við höfum staðið að þessu og er það bara gott.

Það hefur verið ákveðið að hafa vinnukvöld í höllinni á mánudagskvöldum, síðan getur komið upp að eitthvað þurfi að vinna oftár en það verður þá ákveðið eftir vinnu hvernig því verður háttáð, þá er um að ræða steypuvinnu eða eitthvað annað sérstakt.

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Árnasi þann 29 jan kl 20:30. Ég biðst velvirðingar á að hafa gleymt að setja tímasetningu á dreifibréfið.

Punktamótin verða haldinn 21 febrúar, 21 mars og 18 apríl, síðan er ætlunin að vera með einhverjar uppákomur í höllinni t.d verður reiðnámskeið seinnipart feb eða í byrjun mars í samstarfi við Loga en nánar auglýst síðar. *Með kveðju*

Guðni Árnason formaður

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Baðstofukvöld SSK

Nú er ætlunin að halda áfram að hittast á baðstofukvöldum eins og gert var síðasta vetur þegar saumaðar voru myndir í tilefni afmælis SSK. Á formannafundinum í haust kom fram ósk um að kennt yrði eitthvert gamalt handverk sem fáir kunna og er kannski alveg að týnast í tímans rás.

Skipuð var nefnd til að sjá um verkefnið en í henni eru Kristín Stefánsdóttir, Guðný A. Valberg og Guðbjörg Björgvinsdóttir. Fyrsta baðstofukvöldið verður í Selinu á Selfossi fimmtudagskvöldið 15. janúar kl. 20.00 og 22. janúar í Árhúsum á Hellu á sama tíma. Það sem kennt verður er að gimba, sem er hekl með sérstökum hætti og er þá notaður gimbugaffall með heklunál-inni. Stjörnuheklið verður rifjað upp en það var alltaf notað þegar lopateppin voru heklud hér áður fyrr. Einnig verður kennt að kríla, það er sérstök aðferð við að búa til snúru.

Þær konur sem hafa áhuga á að vera með í verkefninu eru beðnar að taka með sér garn, léttlopa eða plötulopa og heklunálar sem hæfa grófleika garnsins. Gimbugafflarnir verða á staðnum fyrir þær sem ekki eiga hann.

Undirbúningsnefndin

Á gamlársdag var undirritaður styrktarsamningur á milli Björgunarfélagsins Eyvindar og Flúðaleiðar, Sem felur í sér að Flúðaleið flytur allt efni fyrir bf.Eyvind gjaldfrjálst og styrkir einnig árlega flugeldasýningu.

Í þau 9 starfsár sem Eyvindur hefur verið starfræktur hefur Flúðaleið flutt allt gjaldfrjálst fyrir bf.Eyvind.

Á myndinni eru, talið frá vinstri: Pálmar Þorgeirsson eigandi Flúðaleiðar, Borgþór Vignisson formaður, Óskar Rafn Emilsson gjaldkeri og Steingrímur Jónsson meðstjórnandi.

Ef einhverjar spurningar vakna endilega hafið samband við undirritaðan.

Með fyrirfram þökk

Óskar Rafn Emilsson

sími:8624944



DANS, DANS

Á næstu vikum er ætlunin að halda dansnámskeið þar sem kenndir verða allir almennir dansar s.s. tjútt, jive ofl. Námskeiðið hefst mánudagskvöldið 26. janúar n.k., ef næg þátttaka fæst. Kennt verður í golfskálanum, Efra-Seli. Danskennari er Anna Berglind. Kennt verður 5 mánudagskvöld, 2 klst. í senn.



Skráning fer fram laugardaginn 17. janúar og sunnudaginn 18. janúar hjá Ástu Guðnýju og Halldóri í sínum 486-6690/891-7811/820-7590.

Dans er holl og góð hreyfing fyrir alla! Allir velkomnir.

NÚ ER ENGIN AFSÖKUN – ÉG KEM TIL YKKAR!

Einkaþjálfun - fjarþjálfun
Æfingaáætlun sniðin að þínum þörfum
Fjölbreytt þjálfun - eftirfylgni
Aðhald, vigtun og mælingar
Matardagbækur

Árangur - Breyttur lífsstíll - Sjálföryggi - Útgeislun

Ef þig vantar hjálp við að koma þér af stað endilega hafðu samband. Allar upplýsingar í síma 899-7752

Guðfinna Tryggvadóttir
Íþróttakennari / einkaþjálfari

Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartími safnsins er:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Lestrarstund er gæðastund – Sjáumst á bókasafninu **J**!

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Ég vil í upphafi óska öllum Hrunamönnum gleðilegs árs og þakka fyrir það liðna.

Helgihaldið framundan

Kirkjuskólinn

Nú erum við aftur tekin til við barnastarfið og sjaldan verið betur mannað því nú erum við þrjú sem hjálpumst að. Eftir sameiginlegt upphaf er hópnum skipt og boðið upp á vandaða og fjölbreytta dagskrá við hæfi tveggja aldurshópa. Þeir foreldrar sem á annað borð kjósa að börn sín kynnist kristinni trúariðkun og fræðist um þá trú, hafa hér kjörið tækifæri fyrir börn sín. Stundirnar eru alltaf á sunnudagsmorgnum kl. 11 í Hrunakirkju.

Fyrsta messa ársins var sungin síðastliðin sunnudag í Hruna, hún var vel sótt og að vanda vakti sönghópur eldri borgara athygli og aðdáun fyrir þá einlægu sönggleði sem birtist í flutningi þeirra.

Annars er dagskrá helgihaldsins á næstunni sem hér segir:
Að öllum jafnaði er kirkjustarfið líka auglýst í héraðsblöðum.

Sunnudagur 18. janúar.

Hrunakirkja kl.11 barnastarf

Hreppólakirkja kl.20:30 bæna og kyrrðarstund.

Sunnudagur 25. janúar.

Hrunakirkja kl.11 barnastarf

Hreppólakirkja kl.14 messa

Söngsveit eldri borgara leiðir söng.

Sunnudagur 1. febrúar

Hrunakirkja kl.11 barnastarf

Hreppólakirkja kl.20:30 bæna og kyrrðarstund

Sunnudagur 8. febrúar

Hrunakirkja kl.11 barnastarf

Hrunakirkja kl. 14 messa

Kirkjukór leiðir messusöng.

Með ósk um Guðs blessun.
Eiríkur Jóhannsson.

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabryjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



Hestaeigendur athugið!
Tamning-þjálfun
Nokkur pláss laus. S: 899 0772 Manni

Vegna söluerfiðleika á plasti erlendis, má reikna með einhverjum töfum á söfnun á plasti í sveitinni.
Upplýsingar í síma 899 3092



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Lóggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

ÞORRABLÓT

Laugardaginn 31. Janúar 2009.

Ágætu sveitungar!

Nú skal blóta þorrann og halda ölteiti mikið í Félagsheimili Hrunamanna!
Borðhald hefst kl. 20.30 en húsið opnar kl. 20.00 með harmonikkuleik.
Ekki verður selt inn á samkomuna eftir að borðhald hefst.

Matföngum ráðið þið sjálf því þið komið með matinn með ykkur og mælum við eindregið með að maturinn verði þorramatur af öllum gerðum og hafður í viðeigandi ílátum og á þjóðlegan hátt.

Drykkjarföngum ráðið þið líka sjálf því þau komið þið einnig með ykkur og hafið endilega nóg af mungát.
Við hvetjum til þjóðlegs klæðnaðar af öllum gerðum.

Til skemmtunar verða frábærir ræðumenn sem fara með minni karla og minni kvenna. Einnig verða kveðnar rímur og sungið og farið með þjóðlegan fróðleik á spaugilegan hátt. Svo verður dansað fram á rauðanótt.

Miðana þarf að panta í síðasta lagi sunnudaginn 25. janúar og þeir seldir í Félagsheimilinu þriðjudaginn 27. janúar milli kl. 20.00 og 22.00.

Miðaverð er kr. 2.500. Allur ágóði rennur til góðgerðamála.
Vinsamlegast takið fram fjölda borðfélaga en miðapantanir berist til:

Marta Esther ... 486-6412 eða 899-6412
Ragnhildur 862-2374 eða 486-6685
Elísabet 486-6703 eða 847-2322
Esther 486-6590 eða 865-8761



Kvenfélag Hrunamannahrepps

Birna Ásbjörnsdóttir næringarþerapisti og hómópati býður upp á ráðgjöf varðandi mataræði og breyttan lífsstíl.

Birna gerir mælingar á fæðuþóplum og fer yfir næringarefni líkamans ásamt því að veita almenna ráðgjöf varðandi mataræði, bætiefni og fleira.

Tímappantanir í síma 898 2804 eða á netfangið birna@solheimar.is Birna verður með aðstöðu á Flúðum þann 3. febrúar næstkomandi og kemur til með að verða reglulega með ráðgjöf á Flúðum.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

Andlitsbað Húðhreinsun

Litun og plokkun Handsnyrting

Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir

Tímappantanir í síma 566-8342

og 856-1599(Hlíf)

Tökum hross í tamningu
847 3015 Ragnar

Upplýsingar í sínum:
848 5811 Berglind

Taktu þér tak með
Herbalife.


Hringdu og fáðu frían
prufupakka

Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.

siljal@simnet.is / 892

16

6728



í síma:

Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

486-5535 og **899-9665.**

Ingá Birna.

Golffréttir

Golfklúbburinn Flúðir hélt sitt árlega gamlársdags mót í golfi.

Aðstæður voru ekki upp á það besta þar sem
völlurinn var alhvítur eftir el nóttina áður.

En hressir kylfingar létu það ekki á sig fá. Sautján mættu til leiks.

Um sjötíu ára aldursmunur var á yngsta og elsta keppandanum. Leiknar
voru tíu holar með 3/4 forgjöf punktakeppni. Úrslit urðu þessi:

1. Karl Gunnlaugsson 19 punktar
2. Kristján Guðmundsson 16 punktar
3. Jakob Már Gunnarsson 15 punktar

Keppendum eru færðar þakkir fyrir skemmtilegt mót

PS. Aðalfundur golfklúbbsins verður haldinn
í Golfskálanum 25.jan kl.13:30

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Skútuvogi 13
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútu-
vogi 13. sími: 533 2211. Mánu-
daga til föstudaga kl. 13:00, Á
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán





Haukholtabændur:

Magnús gefur á garðann og Þorsteinn “spjallar“ við Laufa. Ljósm.SigSigm





Afmælisbarnið Agnes Böðvarsdóttir

Ljós. SigSigm



Þórný Vaka og Birgit með ungvíði

Ljós. SigSigm